

Nr. 536

8. júní 2009

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Rangárvalla, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 31. júlí 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulagsbreytingu á Rangárvöllum. Svæðið sem breytingum tekur afmarkast af Hlíðarfjallsvegi að sunnan, Síðubraut að vestan, Rangárvöllum að austan og Liljulundi að norðan. Fyrirhugað er að á svæðinu verði móttöku- og flokkunarsvæði fyrir endurvinnanlegan úrgang og spilliefni frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Breyting á deiliskipulagi íbúðasvæðis sunnan Reynilundar. Bjarkarlundur 10, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. maí 2009 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu á íbúðasvæði sunnan Reynilundar. Svæðið sem breytingum tekur er lóð nr. 10 við Bjarkarlund. Byggingarreitur á viðkomandi lóð er stækkaður til vesturs um 5 metra og kvöð um hljóðmön innan lóðar fellur niður.

Deiliskipagstillögurnar hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 8. júní 2009,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2009